

2. Fyrir endurteknar aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf gald, nema annað sé sérstaklega tilgreint.
3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gald fyrir eina aðgerðina (þá, sem hæst er metin), en hálf gald fyrir hinar.
4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum, er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. júní 1989. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 36 22. janúar 1988.

Landbúnaðarráðuneytið 31. maí 1989.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til og með 30. september 1989 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 187, 12. apríl 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.